



## 2. FUNDUR Á VORÖNN 2022, MIÐVIKUDAGINN 23 MARS KL. 11:15

### 1. Bréf til skólaráðs

#### A. Umsóknir um leyfi:

Afgreiðsla umsókna um leyfi verður send á netfang viðkomandi nemanda.

Skólaráð ítrekar að leyfi eru ekki gefin vegna ferða nema um sé að ræða keppnisferðir á vegum íþróttafélaga og/eða námsferða en bendir á að leyfi eru veitt í annarlok ef skólasókn er að öðru leyti góð – miðað er við 97% skólasókn fyrir utan þá daga sem sótt er um leyfi fyrir. Skólaráð ítrekar að leyfin eiga við um mætingu en ábyrgðin á náminu og skilaverkefnum er hjá nemandanum.

#### B. Önnur bréf

Nokkrir nemendur sækja um mat á íþróttum. Vísað til kennslustjóra í íþróttum.

Þrír nemendur hafa sagt sig frá námi.

### 2. Félagslíf NFFG

Árshátíðin gekk vel og fulltrúar NFFG stóðu sig vel og eiga hrós skilið. Áætlað er að halda a.m.k. eitt ball í viðbót á önninni. Framundan er söngkeppni framhaldsskólanna, sundlaugarvika og kosningavika.

### 3. Önnur mál

Síðasta vika var viðburðarík með Imbru, frumsýningu á söngleiknum Gretti, árshátíð nemenda og svo úrslitakeppni í Gettu betur. Allir sem komu að undirbúningi og framkvæmd eiga þakkir skildar fyrir sitt framlag.

Skólinn er stoltur af verðlaunum fyrir að vera í þriðja sæti í stofnun ársins í flokki meðalstórra stofnana.

Opið hús var í FG 22.03 og voru margir áhugasamir sem lögðu leið sína í skólann og kynntu sér námsframboðið. Mikil ánægja er með framkvæmd þessa viðburðar.

Fundinn sátu:

Auður Sigurðardóttir, náms- og starfsráðgjafi

Ásdís Björnsdóttir, fulltrúi kennara

Dagný Broddadóttir, náms- og starfsráðgjafi

Guðmundur Stefán Gíslason, verkefnastjóri

Helgi Már Herbertsson, fulltrúi NFFG

Irena ásdís Óskarsdóttir, forvarnafulltrúi

Kristín Helga Ólafsdóttir, áfangastjóri

Kristófer Breki Halldórsson, fulltrúi NFFG

Sigrún Fjola Hilmarsdóttir, fulltrúi kennara

Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari og fundarritari

Tinna Ösp Arnardóttir, félagsmálafulltrúi